

# Lög

## um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „1,5%“ í 1. mgr. kemur: 1,3%.
- b. Í stað 3., 4. og 5. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Almennt tryggingagjald skal vera 3,95% af gjaldstofni skv. III. kafla, sbr. þó 4. og 5. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal almennt tryggingagjald vera í tveimur gjaldflokkum, almennum gjaldflokki og sérstökum gjaldflokki, við álagningu tryggingagjalds á árunum 1998–2000 og staðgreiðslu þess á árunum 1997–1999.

Hundraðshluti almenns tryggingagjalds í sérstökum gjaldflokki, þ.e. fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptalningu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi, skal vera sem hér segir:

- a. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997 og álagningu á árinu 1998 skal hundraðshlutinn vera 2,5%.
- b. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1998 og álagningu á árinu 1999 skal hundraðshlutinn vera 3,0%.
- c. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000 skal hundraðshlutinn vera 3,5%.

Hundraðshluti almenns tryggingagjalds í almennum gjaldflokki, þ.e. fyrir allar aðrar atvinnugreinar en falla undir 5. mgr., skal vera sem hér segir:

- a. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997 og álagningu á árinu 1998 skal hundraðshlutinn vera 4,9%.
- b. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1998 og álagningu á árinu 1999 skal hundraðshlutinn vera 4,6%.
- c. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000 skal hundraðshlutinn vera 4,25%.

### 2. gr.

Á eftir 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

3. Staðlaráð fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,007% af gjaldstofni skv. III. kafla.
4. Icepro fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,001% af gjaldstofni skv. III. kafla.

### 3. gr.

Orðin „umfram 6% af launum“ í 1. tölul. 7. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Ákvæði a-liðar 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 1998 og við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Er sett hafa verið lög um tryggingasjóð einyrkja skulu tekjur af atvinnuþryggingagjaldi einyrkja af reiknuðu endurgjaldi þeirra sem falla munu undir gildissvið þeirra laga renna í þann sjóð.

---

*Samþykkt á Alþingi 19. desember 1996.*